

## VI. fundur

Sjötti fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007 var haldinn 6. júní 2007 kl. 18:00 í Litlu Brekku en þetta var jafnframt 10 ára afmæli deildarinnar. Sérstakur gestur fundarins var Ingibjörg Einarsdóttir fráfarandi forseti Landssambands DKG.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Guðbjörg, Gerður, Kristín Ólafsdóttir, Kristín Steinarsdóttir, Brynhildur, Kirsten, Guðrún Geirsdóttir, Ingibjörg, Eyrún, Ásta, Rannveig og Auður.

Dagskráin var sem hér segir og milli atriða var borin fram gómsæt þriggja rétta máltíð og tækifærigafst til óformlegs spjalls:

1. Boðið var upp á rauðan fordrykk í glösum með gylltri rönd sem var vel við hæfi.
2. Guðrún Hrefna setti fund og kveikti á kertum.
3. Guðrún Geirsdóttir flutti orð til umhugsunar og rifjaði upp ýmislegt markvert og spaugilegt úr starfinu undanfarin 10 ár.
4. Auður las fundargerð síðasta fundar.
5. Guðbjörg gerði grein fyrir nefnd sem hafði það hlutverk að fjalla um hvernig best mætti rækta tengsl félagskvenna. Komu fram ýmsar tillögur um að auka fjölbreytni í félagsstarfinu, eins og t.d. að fara saman í sumarbústað, leikhúsferðir og útivist. Einnig var hlutverk nefndarinnar að fjalla um öflun nýrra félaga og var lagt til að áhersla yrði á að fá konur í yngri kantinum inn í félagsskapinn og konur af erlendum uppruna. Markmið DKG er að hver deild fjölgi um átta konur hjá sér á næstunni.
6. Guðbjörg stjórnaði stuttum tengslaleik.
7. Ingibjörg Einarsdóttir flutti kveðjur frá Landssambandinu og hvatningarorð til ETA deildar.
8. Guðrún Hrefna afhenti Guðrúnu Geirsdóttir formannsnælu DKG en hún var fyrsti formaður ETA deildar.
9. Afmælisblossi: ETA systur tróðu upp með söng, hljóðfærslætti og leikrænum tilburðum. Atriðið fjallaði um ETA deild á gamansaman hátt. Þetta sama atriði var framlag ETA deildar á afmælishátíð DKG í Reykholti í maí.
10. Rósablossi undir stjórn Eyrúnar: Allar fundarkonur fengu rós og var hver rós látin ganga hringinn, þannig að allir gáfu og þáðu rós.
11. Sungin voru nokkur lög.
12. Guðrún Hrefna sleit fundi kl. 21:30 og fundarkonur gengu glaðar út í sumarið.

Auður Torfadóttir skráði.